

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/736
komudagur 4.12.2007

Reykjavík, 27.11.2007
Tilv. 164/2006 - 1.05.02
JHÁ

Efni: Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um sölu nikótínlyfja.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til að gefa umsögn um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994 varðandi sölu nikótínlyfja. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að þeir sem selja tóbak í smásölu fái heimild til sölu nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld.

Reykingar eru algengasta orsök margra sjúkdóma og ótímabærra dauðsfalla. Stór liður í tóbaksvörnum er að vinna að því að auka aðstoð fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Ávinningur þess að fleiri hætti að reykja yrði mikill bæði heilsufarslega og fjárhagslega.

Eitt brúnasta verkefnið í tóbaksvörnum er stuðla að markvissari aðstoð á sem flestum stöðum fyrir þá sem vilja hætta að reykja.

Rannsóknir sýna að nikótínlyf hjálpa fólki að hætta að reykja og því er mikilvægt að hafa jafn greiðan aðgang að slíkum lyfjum og að tóbaki. Samkvæmt rannsóknnum næst þó bestur árangur við það að hætta að reykja með því að fá aðstoð til þess með lyfjanotkun ásamt stuðningsviðtölum.

Hafa ber í huga í tengslum við þetta frumvarp að sala nikótínlyfja á Íslandi er og hefur verið mun meiri hér á landi heldur en á hinum Norðurlöndunum undanfarin ár. Sölutölur frá 2004 sýna þrefalt til fjórfalt meiri sölu nikótínlyfja á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Þessi mikla sala er ekki í samræmi við fjölda þeirra sem ætla má að hafi hætt að reykja á þessu tímabili. Niðurstöður rannsóknar, sem Lýðheilsustöð gerði í mars 2006, sýna einnig að nokkuð er um að nikótínlyf séu notuð samhliða reykingum og eru það helst þeir sem reykja meira en pakka á dag sem nota lyf samhliða reykingum. Spurning er hve æskileg þessi þróun sé. Eins er þekkt að sumir eiga erfitt með að hætta notkun nikótínlyfja og eru jafnvel að neyta þeirra áfram í mörg ár eftir að þeir eru hættir að reykja. Einungis er mælt með því að nikótínlyf séu notuð í 6 til 8 vikur eftir að hætt er að reykja.

Að mörgu er að hyggja við undirbúning og framkvæmd slíkra laga. Þeir einstaklingar sem kaupa sér nikótínlyf til þess að hætta að reykja, þurfa við kaup á slíkri vöru að fá greinagóðar upplýsingar um hvernig eigi að nota lyfin og hverjum sé óhætt að nota þau. Tryggja þarf að þeir sem eru undir 18 ára geti ekki keypt slík lyf í verslunum því ekki er mælt með að börn og unglingar noti nikótínlyf nema að

höfðu samráði við lækni. Mjög æskilegt væri að hafa símanúmer Reyksímans - ráðgjöf í reykbindindi á umbúðum nikótínlyfja.

Verði frumvarp þetta samþykkt er nauðsynlegt að horfa til reynslu Svía og undirbúa innleiðinguna vel. Þegar við berum Ísland saman við Svíþjóð verður að hafa í huga að verslun með lyf er ekki með sama hætti hér á landi og í Svíþjóð. Í Svíþjóð hefur lyfjaverslun ríkisins með sölu á lyfjum að gera og eru apótek mun færri og dreifðari þar í landi en á Íslandi. Því er aðgengi að nikótínlyfjum á Íslandi mun betra en í Svíþjóð. Ef tekið er mið af sölutölum á nikótínlyfjum hér á landi þá virðist aðgengi að þessum lyfjum ekki aðkallandi vandamál.

Þegar skoðuð er undirbúningsvinna Svía að lagasetningu um almenna sölu á nikótínlyfjum kemur í ljós að mikilvægt er að taka afstöðu til eftirfarandi atriða:

- Hvaða lyfjategundir á að leyfa sölu á í verslunum? Í Svíþjóð er nefúði t.d. undanskilin og í Bretlandi er eingöngu nikótínplástrar, tyggjó og munnsogstöflur leyfðar til sölu í almennum verslunum.
- Hver á að bera ábyrgð á sölu lyfjanna? Í Svíþjóð þarf verslun sem hefur leyfi til að selja nikótínlyf að hafa lyfjafræðing í vinnu og er hann ábyrgur fyrir sölunni.
- Hvernig á eftirliti með sölu á þessum vörum í verslunum að vera háttáð og hver á að sjá um það?
- Tryggja þarf gæði og öryggi lyfjanna samkvæmt lyfjalögum.
- Verslanir þurfi að fá sérstakt leyfi fyrir sölu nikótínlyfja.
- Setja þarf ákveðin viðmið um ústillingar og staðsetningu vörunnar í búðum.
- Halda ætti námskeið fyrir starfsfólk búðanna svo það geti gefið ráð um notkun lyfjanna og viti hvaða upplýsingar það megi gefa.
- Hvort hafa eigi lágmarksaldur á þeim sem selja lyfin. Í Svíþjóð er miðað við 18 ára eins og við sölu tóbaks.

Sjá nánar í skýrslu frá sænska ríkinu:

<http://www.regeringen.se/sb/d/126/a/136/action/search/type/simple?query=receptfria+nikotinl%E4kemedel>

Lýðheilsustöð telur mikilvægt að skoða sölu nikótínlyfja í verslunum í samhengi við eflingu reykleysisaðstoðar innan heilbrigðiskerfisins. Leggja þarf áherslu á að beita þeim aðferðum sem best hafa reynst. Í því sambandi er mikilvægt að læra af góðri reynslu annarra þjóða, s.s. Bretum sem hafa byggt upp reykleysisaðstoð í heilsugæslunni og niðurgreiða reykleysislyf fyrir þá sem skuldbinda sig að reyna að hætta með aðstoð. Með því móti má tryggja reykleysisaðstoð eins og hún gerist best í Evrópu.

Virðingarfyllst,

Þórólfur Þórlindsson
forstjóri

Bára Sigurjónsdóttir
verkefnastjóri tóbaksvarna